

Nd.

275. Nefndarálit

[31. mál]

um frv. til laga um íslenskan ríkisborgararétt.

Frá allsherjarnefnd.

Ákvæði þessa frv. er allmikið á annan veg en ákvæði gildandi laga um þetta efni. Skál nú stuttlega vikað að nokkrum þeirra.

Í lögum um ríkisborgararétt er ákveðið, að eiginkona eigi ríkisborgararétt með manni sínum. Þannig tapaði íslensk kona íslenskum ríkisborgararétti, ef hún giftist erlendum manni og fluttist úr landi. Samkvæmt þessu frv. heldur hún ríkisborgararétti sínum, þótt hún giftist slíkum manni.

Í gildandi lögum er ákveðið, að börnin eigi ríkisborgararétt með föðurnum, séu þau skilgetin, en annars með móður. Samkvæmt frv. eiga þau það einnig, nema móðurinni séu falin forráð þeirra, þá eiga þau ríkisborgararétt með henni. Samkvæmt frv. hefur eiginkona því í þessu efni að kalla sama rétt og eiginmaður.

Eiginkona hefur samkvæmt þessu frv. sjálfstæðan ríkisborgararétt.

Eftir gildandi lögum fylgja börn til 16 ára aldurs foreldri um ríkisborgararétt, en eftir frv. til 18 ára aldurs, og er það í samræmi við það, er gildir á Norðurlöndum.

Samkvæmt gildandi lögum um ríkisborgararétt er ætlað til, að útlendingur, er æskir að fá íslenskan ríkisborgararétt, hafi átt hér heima óslitið minnst í 10 ár, áður en hann öðlast ríkisborgararéttinn. Þetta ákvæði er ekki í þessu frv. Í sjálfu sér skiptir það ekki miklu máli. Jafnan gat Alþingi með lögum veitt ríkisborgararétt, þótt búsetan væri skemmri, og fyrir hefur það komið, þótt hitt væri aðalreglan.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa komið á hjá sér nær sams konar löggjöf um ríkisborgararétt og veitingu hans. Höfðu þessi lönd sett nefnd til að undirbúa þessa löggjöf. Íslandi var boðið að taka þátt í nefndarstörfunum, en af því varð þó ekki. — Frv. þetta er sniðið eftir lögum þessara þjóða og er um margt nær samhljóða. Þó er það meiri takmörkunum bundið eftir frv. að öðlast ríkisborgararétt hér á landi en samkvæmt lögum hinna Norðurlandþjóðanna, og er það sjálf-sögð varfærni, þar sem við erum svo fámenn þjóð. Nú getur sá, er óskar að öðlast íslenskan ríkisborgararétt og uppfyllir öll þau skilyrði, er frv. setur, fengið hann með yfirlýsingu einni, ef dómsmálaráðherra samþykkir. En eftir ákvæðum gildandi laga öðlast enginn ríkisborgararétt í slíkum tilfellum nema samkvæmt lagaboði.

Þótt telja megi að visu, að nokkru auðveldara sé að öðlast hér ríkisborgararétt eftir þessu frv. en eftir gildandi lögum, þá ætti að mega treysta því, að dómsmálaráðherra, sem hefur umsjón þessara mála, hafi fulla gát á, að þeir einir öðlist ríkisborgararétt, sem verðskulda það og trúandi er til að reynast þjóðinni góðir þegar. Útlendingaeftirlitið ætti jafnan að hafa glöggar gætur á háttsemi útlendra manna, svo að það geti ætíð gefið fullnægjandi vitneskju um hegðun þeirra, þegar slíkra upplýsinga væri leitað.

Samkvæmt ákvæði 68 gr. stjórnarskrárinnar má veita íslenskan ríkisborgararétt með sérstökum lögum. Við samþykkt slíkrar lagasetningar ætti jafnan að vera regla, að full aðgæzla sé viðhöfð, þegar slík þegnréttindi eru veitt.

Ákj áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með lítils háttar orðalagsbreytingu á 11. gr.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 11. gr. Siðustu málsgr. skal orða svo:

Nú verða þær aðstæður fyrir hendi eftir gildistöku laga þessara, er nægja til þess að öðlast ríkisborgararétt eða varða missi hans, og skal þá fara eftir ákvæðum laga þessara eins og þau hefðu áður gilt.

Alþingi, 20. nóv. 1952.

Jörundur Brynjólfsson,
form., frsm.

Jóhann Hafstein,
fundaskr.

Jónas G. Rafnar.

Emil Jónsson. Áki Jakobsson.